

Mál nr. 183/2014

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Njarðargötu í Reykjavík við gatnamót Eggertsgötu þann 22.4.2014.**Gögn.**

92. Málskot, móttakið 12.6.2014, ásamt fylgigögnum.
93. Bréf (tölvupóstur) Y, dags 24.6.2014.
94. Bréf X, dags. 3.7.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið suður Njarðargötu og var A ekið á undan B. Rétt norðan við Eggertsgötu var A beygt til vinstri inn á malarplan fyrir framan athafnasvæði Fluggarða á Reykjavíkurflugvelli. Í sömu andrá var B ekið áleiðis fram úr A vinstra megin. Rákust þá saman vinstra framhorn A og hægri hlið B.

Í tjónstilkynningu er haft eftir ökumanni A að hann hafi verið að „fara beygja inn að Flugskýlinu til vinstri“ þegar bifreið hafi tekið fram úr og árekstur orðið. Í málskoti er staðhæft að ökumaður A hafi gefið stefnumerki í tíma og litið eftir umferð á móti og á eftir. Hann hafi þá tekið eftir B mjög nálægt fyrir aftan sig og þá dregið verulega úr hraða eftir að stefnuljós var gefið. B hafi svo verið ekið áleiðis fram úr og árekstur orðið.

Efir ökumanni B er haft í tjónstilkynningu að hann hafi verið að taka fram úr bifreið sem hann hélt að væri að fara að beygja til hægri inn Eggertsgötu. Síðar lýsti ökumaður B tildrögum árekstursins á þann veg að ökumaður A hafi hægt á sér til að beygja er þeir komu að Eggertsgötu. Hann hafi ranglega gert ráð fyrir að A yrði beygt til hægri og því ætlað að taka fram úr en tekið of seint eftir að henni var beygt til vinstri.

Fyrir liggur frásögn vitnis sem kveðst umrætt sinn hafa verið á leið inn á Njarðargötu til norðurs frá planinu sem A var að aka inn á. Kveðst vitnið hafa séð A koma frá hægri og hafi ökumaður gefið stefnumerki, dregið úr hraða og nánast staðnæmst fyrir framan sig. Hafi ökumaðurinn greinilega ætlað að beygja inn á planið. Þá hafi B skyndilega komið úr norðri á talsverðri ferð á vinstri akrein fram með A og árekstur orðið þegar ökumaður A var að byrja að beygja til vinstri.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal aka vinstra megin fram úr ökutæki. Þó skal aka hægra megin fram úr ökutæki, ef ökumaður þess beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju. Samkvæmt málskoti kveðst ökumaður A hafa gefið í tíma merki um fyrirhugaða beygju til vinstri. Sú frásögn fær stoð í framburði vitnis. Þá kveðst ökumaður B ranglega hafa gert ráð fyrir að A yrði beygt til hægri. Verður samkvæmt þessu að telja nægilega að ökumaður A hafi greinilega undirbúið vinstri beygju áður en ökumaður B ók fram úr A. Við þessar aðstæður bar ökumanni B að aka hægra megin fram úr. Á því varð misbrestur og telst ökumaður B eiga sök á

árekstrinum. Eins og hér stóð á eru ekki næg efni til að leggja sök á ökumann A. Ökumaður B ber því alla sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 12. ágúst 2014.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.